



# SAGA2YA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

## Kennsluáætlun – Vorönn 2017

---

**Kennari: Lárus Ágúst Bragason.**

**Skammstöfun: LB.**

### Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá upplýsingu fram til dagsins í dag. Aðaláhersla verður á Evrópu og Íslandssögu þótt vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Í Íslandssögunni verður lögð áhersla á breytingar frá bændasamfélagi til nútímans, frá sjálfsþurft til iðnvæðingar. Einnig verður litið til til áhrifa erlendra atburða, viðhorfa og skoðana hér á landi. Nemendur þurfa að taka öll próf og skila öllum verkefnum til þess að standast áfangann. Áfanginn er án lokaprófs.

### Kennslufni

Nýir tímar Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta. Mál og menning, Gunnar Karlsson og fl. Reykjavík 2006.

### Yfirferð

2.-9. Vika 19. öldin. Napoleon og áhrif hans. Frá Vínarfundi til Þjóðfundar. Upphaf íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Iðnbylting og áhrif hennar á evrópskt samfélag.

10.-16. Vika 20.öldin. Íslensk iðnbylting og nývæðing Íslands. Heimskreppa, Heimsstyrjaldir. Kalda stríðið.

**Sérreglur áfangans:** Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Litið er á vanskil verkefna sem yfirlýsingu um að nemandinn ætli ekki að gera verkefnið. Ef verkefni koma eftir settan skiladag lækkar einkunn fyrir þau um tvö stig fyrir hvern dag sem líður. Nemendur fæddir 1996 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama getur gilt um fólk með opin vottorð. Nemendur sem standa ekki við samninga við kennara og/eða mæta í 75% af tímum eða minna þurfa að taka próf í lokaviku í staðin fyrir skilamöppu.

**Námsmat:**

<b>Námsmat</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Vægi</b>
<b>Annareinkunn</b>	Skilamappa	30%
	Verkefni	20%
	Próf	20%
	Hópverkefni	10%
	Ýmislegt	20%

Selfossi 4. Jan 2017

Lárus Bragason